

Mánudaginn 7. febrúar 1983.

Nr. 59/1980. **Louis H. Higgins**

(Hörður Einarsson hrl.)

gegn

**utanríkisráðherra og fjármálaráðherra**

**f. h. rikissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabótaskylda. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna.  
Ábyrgð rikissjóðs. Sýkna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 25. mars 1980. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum 310.085.47 bandaríkjadollara með 7% ársvöxtum frá 19. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst áfrýjandi, að sér verði dæmdar 5.826.505.90 krónur (nýkr.) auk vaxta, svo sem að ofan greinir.

Til þrautavara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar auk vaxta, svo sem að ofan greinir.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjanda dóms, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 24. janúar 1983.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var ökumaður bifreiðarinnar VL 5066, Jóhn J. Scannell, liðsmaður í liði Bandaríkjanna á Íslandi í skilningi 1. gr. viðbætis frá 8. maí 1951 við hervarnarsamning Íslands og Bandaríkjanna 5. maí 1951, sem veitt hefur verið lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951. Bifreiðin var eign stofnunarinnar „Navy Exchange“, sem einnig telst til liðs Bandaríkjanna á Íslandi. Dvöl áfrýjanda á Íslandi átti að öllu leyti rót sína að rekja til þess, að hann ásamt öðrum hljóðfæraleikurum í hljómsveitinni „George & The Diminished 5th“ hafði verið ráðinn tímabundið til að leika fyrir bandaríska hermenn á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þessu og því, sem áður sagði um „Navy Exchange“, var áfrýjandi í starfsliði, sem herliðinu fylgdi og í þjónustu þess, er slysið bar að höndum. Telst hann því hafa verið í liði Bandaríkjanna samkvæmt skilgreiningu 1. gr. viðbætisins við varnarsamninginn, enda átti hann hvorki ríkisfang né hafði fasta búsetu hér á landi.

Áfrýjandi heldur því ekki fram, að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beint eftir 67. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eða öðrum reglum skaðabótaréttar, heldur reisir málssókn sína gagnert á því, að fébótakrafa hans sé orðin til með þeim atvikum, að ákvæði 2. tl. 12. gr. viðbætisins við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna taki til hennar.

Í nefndu ákvæði segir, að Ísland skuli „úrskurða og greiða kröfur, aðrar en sammingskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýst tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar“, annað en það, er greinir í 1. tl. greinarinnar. Samkvæmt þessu hefur íslenska ríkið tekið á sig skyldu til að greiða skaðabætur fyrir tjón, sem menn í liði Bandaríkjanna valda, enda þótt það sé ekki sá aðili, sem fébótaábyrgð hvíli á eftir almennum réttarreglum. Sú sérstaka greiðsluskylda nær þó aðeins til tjóns „á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða lífi og limum manna þar“, eins og segir í ákvæðinu sjálfu. Til þeirra verða ekki taldir þeir, sem eru í liði Bandaríkjanna hér á landi. Eru ekki efni til að leggja þann skilning í greinda takmörkun eftir orðum hennar virtum í tengslum við önnur ákvæði 12. gr. viðbætisins, að með henni sé átt við það eitt, að tjónsatburð hafi að höndum borið á Íslandi, heldur verður að skýra þau með hliðsjón af þeim tilgangi 12. gr. í heild að mæla fyrir um meðferð

og greiðslu krafna vegna tjóns á hagsmunum annars aðilja varnar-samningsins eða einstaklinga og stofnana, er undir hann heyra, vegna verknaðar manna, er teljast til hins samingsaðiljans.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. nóvember sl., hefur Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður, Eiríksgötu 19, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Louis H. Higgins, síðast til heimilis að 20 Clover Street, Hampton, Virginíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, gegn utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 16. desember 1975.

#### *Dómkröfur stefnanda.*

Endanlegar dómkröfur stefnanda, sem gerðar voru við munnlegan flutning málsins 13. nóvember sl., eru þessar:

*Aðallega*, að stefndu f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að upphæð US\$ 310.085.47 — þrjú hundruð og tíu þúsund áttatíu og fimm bandaríkjadali fjörutíu og sjö cent — með 7% ársvöxtum frá 19. nóvember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og gjaldskrá LMFÍ.

*Til vara* er krafist tilsvarendi fjárhæðar í íslenskum krónum, þ. e. kr. 120.995.350 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að ofan greinir.

*Til þrautavara* er krafist annarrar lægri fjárhæðar samkvæmt mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að ofan greinir.

#### *Dómkröfur stefndu.*

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara,

að stefnukröfur verðin lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Þá krefjast stefndu þess, að verði stefnanda dæmdar einhverjar skaðabætur, skuli fjárhæð þeirra ákveðin í íslenskum krónum.

*Sundurliðun dómkrafna stefnanda.*

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar svo:

1. Eignatjón .....	US\$	500.00
2. Örorkutjón .....	—	300.000.00
3. Miskabætur .....	—	6.000.00
4. Lækniskostnaður til stefnudags .....	—	3.585.47
		<hr/>
	US\$	310.085.47

Stefnandi tekur fram í lýsingu sinni á dómkröfum, að varakrafan í íslenskum krónum sé miðuð við gengi á bandaríkjadollara 12. nóvember 1979, kr. 390.20 hver dollari (sölugengi).

Sættir hafa verið reyndar á máli þessu, en án árangurs.

Upplýst var undir rekstri málsins, að stefnandi hefði höfðað skaðabótamál í Bandaríkjunum út af sama sakarefni og hér er til úrlausnar, í fyrsta lagi gegna John J. Scannel, í öðru lagi gegn fyrirtækinu „Navy Exchange“ og Bandaríkjustjórn, en í hvorugu tilvikinu hefðu kröfur hans náð fram að ganga. Ekki hefur að fullu verið upplýst, af hvaða sökum. Þá höfðaði stefnandi mál gegn „Navy Exchange“ og Bandaríkjustjórn fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar 23. janúar 1973, en því máli var vísað frá dómi 12. júlí 1974.

Dómari tók við máli þessu 1. október 1978.

*Málavextir.*

Stefnandi, Louis H. Higgins, er bandarískur ríkisborgari. Hann er rafvirki að mennt og aðalstarfi, en stundaði hljóðfæraleik sem aukastarf og lék aðallega á trommur og rafmagnsgítar. Hann kom hingað til lands um miðjan nóvember 1971, en hann var þá hljóðfæraleikari í hljómsveitinni „Georg & The Diminished 5th.“ Þessi hljómsveit var ráðin af fyrirtækinu „Navy Exchange“ á Keflavíkurflugvelli til þess að skemmta bandarískum varnariðsmönnum hér á landi um nokkurn tíma. Stefnandi gegndi eigi störfum hér sem hermaður, heldur sem óbreyttur borgari samkvæmt ráðningarsamningi við „Navy Exchange.“ Samkvæmt upplýsingum, sem stefndu öfluðu, er „Navy Exchange“ verslun, sem er óaðskiljanlegur hluti bandaríska sjóhersins. Verslunin er staðsett í Keflavík sem hluti af herstöð sjóhersins þar.

Hinn 19. nóvember kom í ljós, að innstunga fyrir magnara gítars stefnanda hafði bilað, og var ný innstunga ekki fánleg á Keflavíkurflugvelli

eða í næsta nágreanni. Innstungan fékkst hins vegar í Reykjavík, og var því liðsmanni í bandaríska sjóhernum á Keflavíkurflugvelli, John J. Scannel að nafni, falið af yfirmönnum sínum, sem voru forráðamenn „Navy Exchange“, að aka stefnanda til Reykjavíkur, svo að hann gæti keypt nýja innstungu. Ferðin var farin í svo til nýrri sendiferðabifreið af Ford gerð, en bifreiðin var eign „Navy Exchange“ og skrásetningamerki hennar VL 5066.

Á Reykjanesbraut, þar sem hún liggur yfir Strandaheiði, fór bifreiðin út af veginum, og að sögn sjónarvotts endasteypmist hún og hvolfdi á þakið. Stefnandi slasaðist verulega, en ökumaðurinn minna.

Eins og fyrr segir, var ökumaður bifreiðarinnar John J. Scannel. Hann gaf skýrslu um atburð þennan 10. mars 1972 til Commanding Office, USS Howard W. Gilmore. Skýrsla þessi hefur ekki verið staðfest fyrir rétti, en tekin gild sem staðfest af aðiljum. John J. Scannel skýrði m. a. svo frá, að hann hefði ekið bifreið í u. þ. b. 5 ár, áður en slysið varð, án þess að verða fyrir nokkrum óhöppum og ekki hefði hann gerst sekur um of hraðan akstur. Hann hefði haft bandarískt ökuskirteini. Hann kvað „Assistant Naval Exchange Officer“ hafa beðið sig að fara þessa ferð og hefði hann á þessum tíma verið að sinna skyldustörum sínum. Helsufar sitt hefði verið ódfinnanlegt og hann hefði ekki neytt áfengis. Ástand bifreiðarinnar hefði verið ágætt, en hún hefði ekki verið með keðjur eða snjódekk. Öryggisbelti hafi verið í bifreiðinni, en þau hafi hvorki hann né stefnandi notað. Stefnandi hefði ekki verið að flýta sér og hefði hegðun hans verið eðlileg. Stefnandi hefði ekki haft áhrif á aksturinn. Vegurinn á milli Keflavíkur og Reykjavíkur hefði verið hreinn og þurr, skyggni gott og hefði hann ekið á 45—50 mílna hraða á klukkustund. Vegurinn hefði breyst og haglstormur muni hafa verið framundan. Þegar hann hafi séð, að þeir hafi verið að koma inn í haglstorminn, hefði hann flutt fótinn af bensínjöfnni, til þess að bifreiðin hægði ferðina, þannig að öll hjól hennar snerust með sama hraða. Hann hefði ekki farið út af veginum vegna þess, að hann hefði lent á ísbletti, heldur vegna þess, að vindkviða hefði feykt sér út á ísblett. Ekki hefði veri hægt að sjá fyrirfram, að þetta mundi gerast.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14. janúar 1977. Undir hann var borin lýsing í stefnu málsins á dvöl hans hér á landi, slysinu og aðdraganda þess, sem hann kvað vera rétta. Ekki þykir ástæða til þess að rekja framburði stefnanda um þessi atriði, en þeim hefur verið lýst hér að framan og eru ágreiningslausir. Stefnandi tók sérstaklega fram, að hann gæti staðfest, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 55 mílur á klukkustund, þar sem hann hefði litið á hraðamæli bifreiðarinnar, rétt áður en hún lenti í haglstorminum. Framburðar stefnanda um afleiðingar slyssins verður síðar getið.

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla Guðna Kjartanssonar, en hann varð vitni að slysinu. Skýrsla Guðna var lögð fram í héraðsdómi Bandaríkja-anna, austursvæði Virginíuríkis, Richmond deild, 8. október 1973 í máli því, sem stefnandi höfðaði gegn „Navy Exchange“ og Bandaríkjastjórn. Skýrslan var ekki staðfest fyrir rétti, en aðiljar málsins hafa tekið hana gilda sem staðfesta og ekki mótmælt henni sem rangri.

Skýrslan er svohljóðandi í íslenski þýðingu löggilts skjalapýðanda:

„Ég var á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur, þegar ég varð vitni að slysi á Reykjanesbraut. Þegar ég fór frá Reykjavík, var að byrja dálítil slydda, og skyggni var slæmt. Vegurinn var mjög sleipur, því að stöðugt snjóaði. Ég veit ekki, hvert ástand vegarins var í Keflavík, þegar ég fór frá Reykjavík, en þegar ég að lokum kom til Keflavíkur, var ástand vegarins eins slæmt og það hafði verið á leiðinni frá Reykjavík. Flotabifreiðin var að koma niður lága brekku eða hæð, þegar hún fór út af veginum. Ég sá ekki beinlínis, að bifreiðin færi út af veginum, því að það var bill á undan mér, sem skyggði á útsýnið, en ég sá flotabifreiðina allt í einu hendast og snúast út fyrir vegarbrúnina, og ég stoppaði bifreið mína. Flotabifreiðin var að koma í átt til mín, þegar slysið skeði. Ég var á 60 kílómetra hraða á klukkustund, og vegurinn var sleipur. Farðþegi, sem var í bílnum mínum, sá ekki bifreiðina fara út af veginum og tók ekki eftir bifreiðinni fyrr en ég vakti athygli hans á henni. Ég fór út í hina hlið vegarins, og þar var maður, sem lá nærri vegarbrúninni og hafði fótbrotnað. Það eina, sem ég heyrði hann segja við mig, var „aldrei hélt ég, að þetta mundi koma fyrir mig.“ Eitt af bildekkjunum af bifreiðinni lá nálægt honum. Hinn maðurinn, sem var meðvitundarlaus, lá u. þ. b. 30—40 metra frá manningum, sem fótbrotinn var, og nær sjálfum bílnum, sem var á hvolfi. Ég tók eftir því, að bifreiðin var ekki með negldum dekkjum.“

Í málinu var lögð fram skrifleg skýrsla Billie S. Smith, en hún er dagsett 14. mars 1972. Skýrsla þessi var ekki staðfest fyrir dómi, en því var lýst yfir af hálfu aðilja, að þeir skoðuðu efni hennar rétt, eins og skýrslan væri staðfest fyrir dómnum. Skýrslan er svohljóðandi í íslenski þýðingu löggilts skjalapýðanda:

„Ég gef þessa skýrslu af fúsum og frjálsum vilja og án þess að mér hafi verið gefin nokkur loforð eða hótanir hafðir frammi við mig eða þrýstingi eða nauðung af nokkru tagi hafi verið beitt gagnvart mér.“

Ég lagði af stað frá bandarísku flotastöðinni í Keflavík, Íslandi, u. þ. b. kl. 16 þann 19. nóvember 1971 áleiðis að slysstaðnum. Það tók mig u. þ. b. þrjátíu (30) mínútur að komast á staðinn. Bifreið mín var með keðjur á hjólunum. Ég vissi ekki um akstursskilyrði milli Keflavíkur og Reykjavíkur, Íslandi. Ég tók eftir því, að ástand vegarins varð því verra sem nær dró slysstaðnum. Það var stormur að nálgast Keflavík. Akstursskilyrði í

flugstöðinni voru Alpha Limited — 20 mílur á klukkustund. Alpha Limited útheimtir ekki keðjur eða snjódekk. Þetta ástand leyfir umferð á flugvellinum með minnkuðum hraða, 20 mílum á klukkustund. Vegna gatnamóta og stöðvunarmerkja er flugstöðinni haldið í umferðarástandi Alpha Limited langtímum saman. Snjóplógar okkar sinna flugbrautunum fyrst, en flugstöðinni eftir að lokið hefur verið við flugbrautir. Ég veit ekki, hvað islensk lög hafa að segja um mat á tjóni af ólögætum athöfnum, sem eru yfirsjónir. Ég mætti sjúkrabifreiðinni við hliðið á bandarísku flugstöðinni í Keflavík. Ég talaði við fólkið, sem hafði lent í slysinu. Ökumaðurinn sagði, að hann hefði komið upp á hæðina í fangið á haglstormi. Þetta hefði vel getað skeð á þann hátt sem ökumaðurinn lýsir. Þegar ég kom á staðinn, tók ég eftir beygjuförum, en það var erfitt að átta sig á, hver þau hafði markað. Ég verð að trúá því, að ökumaðurinn hafi vitað, að ástand vegarins var hættulegt. Ég held, að hann hafi verið á u. þ. b. 45 mílna hraða á klukkustund og að þessi hraði hafi verið of hættulegur fyrir bifreiðina, sem hann ók. Hann var ökumaður fyrir Navy Exchange. Ég er viss um, að hann var kunnugur bifreiðinni. Hámarkshraði á því svæði, þar sem slysið átti sér stað, var 70 kílómetrar (42 mílur á klukkustund).

Ökumaðurinn skýrði frá því, að hann hefði verið í erindagerðum fyrir Navy Exchange, og hann hafði einnig venjulegt ökuskirteini ríkisstjórnarinnar, er leyfði honum að aka bifreið af þeirri stærð, sem hann ók. Slysið skeði u. þ. b. kl. 15.45 þann 19. nóvember 1971. Það var þegar farið að verða skuggsýnt, og sjálfur hefur stormurinn valdið minnkandi skyggni, þar sem snjókoma var mikil.“

Skæringur Hauksson, yfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, gaf eiðfesta skýrslu fyrir héraðsdómi Bandaríkjanna, austursvæði Virginíuríkis, Richmonddeild, 8. október 1973.

Hann skýrði m. a. svo frá, að hann hefði komið að slysstaðnum, sem hefði verið 900 metra frá Kúagerði, á leiðinni milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Hámarkshraði á þessari leið hefði á þessum tíma verið 70 km á klukkustund. Þegar hann hafi komið á staðinn, hafi verið bjart af degi, en snjókoma og vegurinn háll af ís, sem á honum hafi verið. Lögaregluþjónninn taldi, að u. þ. b. 40 metrar hefðu verið frá þeim stað, sem bifreiðin fór út af veginum, þangað sem hún hefði staðnæmst á hvolfi. Bifreiðin hefði verið mjög mikið skemmd. Undir henni hefðu verið sumarhjólbarðar. Lögaregluþjónninn sagði, að daginn áður hefði snjóað og sömu leiðis sama dag og slysið varð.

Lögð hefur verið fram í málinu skrifleg skýrsla lögreglunnar í Hafnarfirði um þennan atburð, en ekkert kemur fram í henni, sem ástæða þykir til að rekja hér. Uppdráttur af vettvangi fylgir lögaregluskýrslunni. Bifreiðin VL 5066 er sýnd vera í u. þ. b. 20 metra fjarlægð hornrétt frá austurbrún

hins steypa hluta Reykjanesbrautar. Frá þeim punkti vegarins að þeim stað, þar sem bifreiðin er sýnd hafa farið út af, eru u. þ. b. 53 metrar. Samkvæmt þessum mælingum ætti bifreiðin að hafa runnið á ská út af frá veginum u. þ. b. 56 metra vegalengd.

Þá hafa og verið lagðar fram ljósmyndir af bifreiðinni á slysstaðnum svo og slysstaðnum. Á ljósmyndunum kemur fram, að bifreiðin er mjög mikið skemmd, og verður ekki betur séð en hún sé gerónýt.

Lieutenant Commander Frank C. Cook gaf skýrslu fyrir héraðsdómi Bandaríkjanna, austursvæði Virginíuríkis, Richmonddeild, 8. október 1973.

Hann skýrði m. a. svo frá, að hann væri fyrirliði „Navy Exchange“ í Keflavík. Hann kvað stefnanda hafa verið í flokki, sem hefði verið samningsbundinn við Navy Resale Systems Office, Brooklyn, New York, um að láta í té tveggja vikna skemmtun og hefði verið komið hingað til lands í því skyni. John J. Scannel hefði verið í virku starfi sem óbreyttur liðsmaður í bandaríska flotanum og sinnt verkefnum hjá „Navy Exchange.“ Hann hefði haft bæði ökuskírteini frá bandarísku stjórninni svo og íslenskt ökuskírteini. F. C. Cook kannaðist við það, að Scannel hefði fengið leyfi til þess að aka stefnanda til Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa séð eftir slysið, að bifreiðin hafi verið á spánnýjum hjólbörðum venjulegum, ekki negldum. Hann kvað sólskin hafa verið og ekki snjókomu, þegar þeir stefnandi og Scannel hefðu lagt af stað til Reykjavíkur, og hélt, að vegurinn hefði verið þurr.

Tveir aðrir bandarískir varnarliðsmenn voru yfirheyrðir í sama skipti og Frank C. Cook, en ekkert kemur fram í skýrslum þeirra, sem ástæða þykir til að rekja í dómi þessum.

Eins og að framan er getið, kom stefnandi fyrir dóminn og gaf skýrslu 14. janúar 1977. Öll aðalatriði í þeirri skýrslu koma fram í læknisvottorði Höskulds Baldurssonar læknis, dags. 18. janúar 1977, og er þar fullt samræmi á milli. Ástæða þykir til að taka vottorð Höskulds upp í dóminn, og verður því framburður stefnanda fyrir dómnum ekki rakinn sérstaklega. Vottorð Höskulds er svohljóðandi.

„Sjúkl. mætir til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum á stofu hans í Domus Medica þ. 12/1 og 14/1 1977. Áður hafði undirritaður kynnt sér þau læknisvottorð, sem fyrir liggja í málinu, en það eru læknisvottorð þeirra þriggja lækna, er höfðu með meðferð sjúklings að gera eftir slys það, er hann varð fyrir.

Sjúkrasaga sjúklings er í stuttu máli sem hér segir: Hann verður fyrir bifreiðaslysi, er hann var staddur hér á landi h. 19/11 1971. Hann er þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Keflavíkurflugvelli, þar sem fyrsta meðferð er gefin. Samkvæmt sjúkraskýrslu sjúkrahússins á Keflavíkurflugvelli

er sjúkl. með þverbrot á hægri lærlegg á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Hann er einnig með mölbrotna hægri hnéskel, mar og blæðingar um vinstri hnélið og fjölmarga skurði í andliti. Skurðir í andliti sjúklings eru saumaðir, en hægri ganglimur lagður í þráð-strekk með stálþráð í gegnum hægri fótlegg ofanverðan. Sjúkl. er útskrifaður af sjúkrahúsinu á Keflavíkurflugvelli þ. 24/11 1971 og er þá fluttur vestur um haf á Naval Hospital Portsmouth, Virginia, þar sem fyrirhugað er að gera skurðaðgerðir vegna brots á hægri lærlegg og hægri hnéskel. Samkvæmt skýrslum liggur hann á þessum spítala aðeins í 2 daga, eða frá 26/11 til 28/11 1971, en undirgengst engar aðgerðir, þar sem sjúklingur óskar eftir að verða fluttur yfir á almennt sjúkrahús utan hersins. Við rannsóknir á Naval Hospital í Portsmouth kemur fram, að auk áðurnefndra áverka hefur sjúkl. brot á neðsta horninu á vinstri hnéskel, og hann hefur svokallaða Bennett's fracturu á vinstri þumli. H. 28/11 1971 er sjúkl. fluttur yfir á Riverside Hospital, New Port News, Virginia. Samkvæmt vottorðum þaðan er sjúkl. talinn hafa hlotið vægan heilahristing, brot á hægri lærlegg, brot á hægri hnéskel og brot á basis á 1. metacarpalbeini í vinstri hendi (Bennett's fractura). Auk þessa mar og minni háttar áverka víðs vegar um líkamann. Sjúkl. er tekinn til skurðaðgerðar þ. 30/11 1971, og er þá brot á hægri lærlegg fært í réttar skorður og því fest með 2 stálpöngum. Hægri hnéskel er fjarlægð. Brot á 1. metacarpalbeini á vinstri hendi er meðhöndlað með gipsumbúðum. Ekki kemur fram í vottorðum, hvenær sjúklingur var útskrifaður af þessum spítala, en allri meðferð er talið lokið þ. 23/2 1973. Þar sem vottorð fyrrnefndra lækna liggja fyrir, verður sjúkdómsgangur ekki rakinn nánar í þessu álitu.

Eins og áður segir, fer skoðun undirritaðs á sjúklingi fram h. 12/1 og 14/1 1977. Í viðtali kveðst sjúkl. vinna sem rafvirki og hafi hann hafið vinnu í ágústmánuði 1975. Hann er auk þess gítarleikari í hljómsveit og vinnur þannig nokkuð óreglulega, spilar oft ca 3 kvöld í viku. Hann kveðst hafa hætt að vinna sem rafvirki og verið þannig hljóðfæraleikari að aðalstarfi, er hann slasaðist hér á landi árið 1971. Hann kveðst hafa verið svo heppinn að komast aftur í vinnu hjá sínum fyrri atvinnurekanda sem rafvirki. Hann telur þetta heppni, þar sem sér hafi oft verið hafnað af vinnuveitendum að undangenginni læknisrannsókn. Var höfnun yfirleitt byggð á þeirri forsendu, að vegna meiðsla sinna mundi hann eiga erfiðara með að klifra í stigum eða vinna á vinnuþöllum og því væri meiri líkur en ella á því, að hann yrði fyrir slysum í vinnu. Hann kveðst vinna hjá núverandi vinnuveitanda sínum á lægra kaupi en hann hefði gert fyrir slysið, þar sem hann væri seinni við vinnu en áður hefði verið.

Aðalkvartanir sjúklings núna eru annars vegar frá vinstri hendi, hins vegar frá hægri ganglim. Kvörtunum frá vinstri hendi lýsir sjúklingur þann-

ig: Hann kveðst aldrei hafa verki í vinstri hendi. Í starfi sínu sem rafvirki segir hann hins vegar, að höndin læsist stundum í gripi, t. d. kemur þetta fram, ef hann þarf að halda á litlum hlutum milli vísifingurs og þumalfingurs. hann tekur sem dæmi, að við að festa raflögn á vegg séu notaðir litlir zinklar. Ef hann grípur zinkilinn með vinstri hendi, læsist það stundum í gripi og getur ekki sleppt, og þarf hann þá að losa fingurna með hendinni. Á sama hátt læsast fingur stundum í gripi, t. d. við að grípa um hurðarhún eða utan um flösku, og þarf hann þá að nota hina höndina til að losa. Hann segir þetta ekki koma fyrir nærri því alltaf, aðeins stöku sinnum og sé þetta töluvert til ama. Hann tekur hins vegar fram, að þessu fylgi ekki verkir.

Sem hljóðfæraleikari segist hann eiga í nokkrum erfiðleikum með að grípa um gítarhálsinn. Kveðst hann þurfa að velja sér gítar þannig, að hálsinn sé ekki of breiður eða þykkur. Hann kveðst t. d. alls ekki geta spilað á klassiskan gítar.

Hann kveðst ekki vera eins leikinn með vinstri hendinni og tekur fram, að áður hafi hann verið aðalgítarleikari hljómsveitarinnar, en nú verði að ráða annan gítarleikara til að spila það, sem hann ekki geti.

Kvörtunum frá hægri fótlegg lýsir sjúklingur á eftirfarandi hátt: Sem rafvirki kveðst hann þurfa að vinna mikið lágt frá gólfu, t. d. við rafmagnsinnstungur. Hann kveðst ekki geta setið á hækjum sér og alls ekki geta gengið á hækjum sér, er hann þarf að flytja sig milli staða innan herbergis. Hann kveðst þess vegna annað hvort sitja á gólfinu eða þá sitja á hækjum sér á vinstri fæti, með hægri fótlegg teygðan beint fram. Vegna þessa segist hann vera seinni að flytja sig milli staða og því seinni við vinnu. Hann kveðst eiga í dálitlum erfiðleikum með að klifra í stigum, einkum að fara af þaki niður stiga og segir jafnvægið þá ekki eins gott og áður var. Hann kveðst þó geta klifrað ágætlega og telur, að þessu fylgi ekki aukin áhætta. Sjúkl. kvartar nokkuð um verki í hægri ganglim, og liggja verkirnir frá hægri mjaðmarsvæði eða hægri nára niður framanvert og utanvert lærið og niður að hné. Hann hefur aldrei verki fyrir neðan hné. Hann segir verki þessa langversta, ef kalt er og rakt í veðri, og segist hann þá stundum verða að hætta vinnu. Einnig kveðst hann fá verki, ef hann verður mjög þreyttur, ef hann þar að standa lengi eða sitja lengi kyrr. Hann kveðst t. d. hafa verið kominn með töluverð óþægindi í hægri ganglim við að sitja í flugvél frá New York til Reykjavíkur. Ef hlýtt er í veðri, t. d. á sumrin, kveðst hann vera verkjalaus með öllu.

Í starfi sínu sem hljóðfæraleikari kveðst sjúkl. fara að finna til verkja í hægri ganglim, er hann hefur staðið og spilað í 2—3 klst., en venjulegt starfskvöld er 4 klst. Hann hefur að sögn stöku sinnum notað væg verkjalyf vegna þessa.

Sjúkl. hefur engar kvartanir frá vinstri ganglim. Hann hefur engar kvartanir frá höfði. Síðustu ár hefur hins vegar nokkuð borið á verkjum í hálsi og ofanverðu baki milli herðablaða. Verki þessa leiðir nokkuð út í vinstri öxl, en ekkert út í handleggi. Vegna óþæginda þessara hefur hann verið hjá kiropraktor á síðasta ári. Sjúkl. segir óþægindi þessi hafa komið nú síðustu árin eða eftir slysið, en kveðst ekki með vissu geta rakið óþægindi þessi til slyssins.

Sjúklingur upplýsir, að í aprilmánuði 1975 hafi hann fengið hematuriu (blæðingu í þvagi). Rannsókn leiddi í ljós að sögn sjúklings 2 stóra nýrnasteina, og voru þeir fjarlægðir með skurðaðgerð í aprilmánuði 1975. Hann hefur verið óþægindalaus frá þessu síðan. Sjúklingur upplýsir, að nokkuð sé um þetta í ættinni og hafi 2 nánir ættingjar sjúklings verið skornir upp vegna nýrnasteina.

Objectiv skoðun leiðir í ljós rösklega þrítugan mann í eðlilegum holdum. Limaburður virðist eðlilegur, og gengur sjúkl. óhaltur að því er best verður séð. Við skoðun á höfði sjást lítil vel gróin ör á enni hægra megin, sömuleiðis eitt ör í gegnum neðri vör hægra megin, og er það ör um 1 cm á lengd. Sömuleiðis eru lítil ör á hægra eyra. Ör þessi eru öll vel gróin og ekki til neinna verulegra lýta.

Skoðun á hálsi, brjóstkassa, baki og kviðarholi er öll innan eðlilegra marka, og finnst ekkert sérstakt athugavert. Skoðun á handleggjum reynist eðlileg, ef undan er skilin vinstri hönd. Sjúkl. hefur dál. directe eymsli við þreyfingu yfir I. carpometacarpallið á hægri hendi. Hann hefur dál. minnk-  
aða abduction í vinstri þumalfingri, og mælist abduction í vinstri þumalfingri um 40°, en í hægri þumalfingri um 60°. Abduction og opponens hreyfing er eðlil. í þumli, og kraftur í gripi er góður. Það er engin sjáanleg deformitet á hendinni.

Skoðun á ganglimum leiðir eftirfarandi í ljós: Ganglimir mælast nokkurn veginn jafnlangir, Þó virðist vera örvæg stytting á hægri ganglim eða sem svarar ½ cm. Það er langt vel gróið ör utanvert á hægra læri, og mælist það um 22 cm, en gengur síðan yfir í boga framyfir hnéd framanvert. Það er væg rýrnun á hægra læri, og mælist ummál hægra læris 16 cm ofan við hnélið, 42,5 cm hægra megin, en 44 cm vinstra megin. Sjúkl. virðist hafa góðan og eðlilegan quadriceps styrk í báðum ganglimum. Við athugun á hreyfingum hefur sjúkl. eðlilega hreyfingu í mjaðmarliðum og ökklaðiðum. Í hægri hnélið hefur sjúkl. fulla extension og flexion upp í 15°. Í vinstri hnélið hefur sjúkl. fulla extension og flexion upp í 150°. Að lokinni lækni-skoðun er sjúkl. sendur í röntgenmyndatöku á vinstri hendi, hægri lærlegg og báðum hnjáliðum.

Á röntgenmyndum af vinstri hendi sést, að os metacarpale I. er dál. de-  
formerað basalt eftir fyrri fracturu. Brot er vel gróið, hins vegar virðist

vera dálitil arthrosis í I. carpo-metacarpallið, liðbil er ekki áberandi þrengt, en basis á I. metacarpalbeini dál. hrjúfur og ójafn. Ekki finnst annað athugavert á röntgenmyndum af vinstri hendi.

Á röntgenmyndum af hægri lærlegg sést vel gróið brot á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Brotið hefur verið fest með 2 stálspöngum, einni 8 þumlunga langri, er liggur lateralt á lærlegg, annarri 6 þumlunga langri, er liggur framanvert á lærlegg. Nokkur callus myndun sést um brotstaðinn, einkum medíalt og aftantil, en brot er vel og örugglega gróið, og öxul-stefna er góð í báðum projectionum.

Á röntgenmyndum af hægri hnélið sést töluverð útkölkun bæði í neðri enda á lærlegg og í efri enda sköflungs. Hægari patella hefur verið fjarlægð, en í hnéskeljarsin sést calcification eða beinarða, sem er á stærð við kaffibaun. Ekki sjáist á röntgenmyndum á hægri hnélið nein greinileg einkenni um slitbreytingar eða brjóskeyðingi, og virðist liðurinn þannig nokkurn veginn eðlilegur.

Röntgenmyndir af vinstri hnélið reynast alveg eðlilegar, utan hvað greina má merki um brot neðst í hnéskel, en þarna hefur aðeins brotnað frá smáarða, hún er vel gróni, hefur ekki færst úr skorðum, og brotið gengur ekkert inn á liðflöt hnéskeljar. Hnéliður a. ö. l. eðlilegur.

*Álit:* Kvartanir sjúklings þessa eru tvenns konar, annars vegar frá vinstri hendi, hins vegar frá hægri ganglim. Á vinstri hendi hefur sjúkl. hlotið svokallað Bennett's fracturu, þ. e. a. s. brot á basis á I. metacarpalbeini. Brot þetta gengur yfirleitt inn í miðjan liðflötinn á I. metacarpalbeini, og virðist svo hafa verið í þessu tilfalli. Brot þessi leiða því oft, er tímar líða, til slitbreytinga í carpo-metacarpallið, og virðast vera byrjandi merki slíks á röntgenmyndum. Slitbreytingar eða arthrosis í þessum lið geta hæglega leitt til hreyfingarhindrunar í þumalfingri, og finnst mér kvartanir sjúkl. því engan veginn óeðlilegar. Búast má jafnvel við, að kvartanir þessar aukist eða einkenni aukist eftir því sem slitið í liðnum vex. Verði slitbreytingar miklar, leiðir þetta oft til verkja við hreyfingar eða verkja við að beita þumalfingri. Séu slitbreytingar í lið þessum miklar og einkenni mikil einkum mikill sársauki, er stundum gripið til skurðaðgerða, og er þá ýmist, að liðurinn er gerður stífur með skurðaðgerð eða carpalbeinið ofan við liðinn fjarlæggt. Fyrri aðgerðin dregur töluvert úr hreyfingum í þumalfingri, en síðari aðgerðin gerir þumalfingur máttminni. Einkenni sjúklings frá þumalfingri eru þó ákaflega væg, og er því engan veginn víst, að grípa þurfi til nokkurra aðgerða eða meðferðar vegna þessa. Hins vegar má tvímæla laust búast við, að einkenni frá þumalfingri aukist frekar en minnki, þegar tímar líða fram.

Á hægri ganglim hefur sjúkl. hlotið brot á hægri lærlegg á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Brot þetta er vel og örugglega gróið og ætí það út

af fyrir sig ekki að gefa sjúkl. einkenni. Samfara broti á hnéskel hefur sjúkl. fengið hemarthrosu eða blæðingu inn í hnélið. Slíkur áverki gæti hugsanlega hafa skaddað eitthvað liðbrjósk á hnélið, þannig að hugsanlega gæti þetta leitt til slitbreytinga í hægri hnélið, þegar tímar liða fram. Hnéliður virðist þó nokkuð eðlilegur að sjá á röntgenmyndum, og virðist því engin meiri háttar skemmd vera þar til staðar á liðflötum, í það minnsta enn sem komið er.

Vegna brots á lærlegg svo og brots á hnéskel, er síðan leiddi lil þess, að taka varð hnéskel, hefur sjúkl. fengið verulega hreyfihindrun í hægri hnélið. Sú hreyfingarhindrun, sem nú er til staðar í hnélið, er varanleg, og ekki að búast við, að hreyfing í hnélið aukist neitt frá því, sem nú er. Hvað kvartanir sjúkl. frá hægri ganglið áhrærir, þá tel ég þær mjög trúverðugar og í góðu samræmi við þá áverka, er sjúkl. hefur hlotið, og það, sem finnst við skoðun á ganglim.“

Ólafur Jónsson læknir mat örorku stefnanda, og er örorkumatíð dagsett 7. mars. 1977. Í upphafi þess segir svo:

„Upplýsingar um slysið eru úr vottorðum lækna sjúkrahússins á Keflavíkurlflugvelli, úr vottorði frá Naval Hospital, Portsmouth, Virginia, úr 3 vottorðum frá Orthopedic Clinic, Newport News, Virginia, úr greinargerð Höskulds Baldurssonar læknis við bæklunardeild Landspítalans í Reykjavík frá 18. 1. 1977 og loks samkvæmt upplýsingum, er slasaði sjálfur gaf undirrituðum síðari hluta janúarmánaðar s.l., og auk þess samkvæmt skoðunum, er undirritaður gerði á slasaða.“ Framangreindar upplýsingar eru síðan raktar í örorkumatínu. Í síðari hluta örorkumatsins segir svo:

„Undirritaður skoðaði og talaði við slasaða í jan. s.l., og staðfesti hann í öllum atriðum þær upplýsingar, er fram koma hér að framan. Hann gat þess að auki, að eftir slysið hafi hann orðið slæmur á taugum og sú röskun, er slysið ölli á lífi hans, hafi leitt til ýmiss konar óþæginda, og getur hann þess m. a., að slysið hafi verið óbein orsök þess, að hann sleit samvistum við konu sína, og lýsir slasaði þessum hluta afleiðinganna þannig, að þær séu „More irritation to the nerves than anything else“.

Eins og rakið er í greinargerð Höskulds Baldurssonar, mun slasaði ekki hafa hafið fyrri störf fyrir en í ág.mán. '75, eða meira en 3½ ári eftir slysið. Þess er þó að geta, að á þessu tímabili varð slasaði fyrir því að þurfa á aðgerð að halda vegana nýrnasjúkdóms, og mun erfitt að sanna eða afsanna, hvort sá sjúkdómur sé á nokkurn hátt tengdur slysinu, en þess ber þó að geta, að hugsanlegt er, að langvarandi rúmlega og hreyfingarleysi gæti hafa átt einhvern þátt í því, að nýrnasteinar hafi myndast.

Eins og getið er í greinargerð Höskulds læknis, segist slasaði vinna fyrir lægri launum nú en fyrir slysið og sé það vegna minnkaðra afkasta auk þess sem vinnuveitendur vestra sé lítt spenntir fyrir að hafa í vinnu menn, er hafi

líkamlega galla og sé þannig hættara við slysum en öðrum mönnum. Slasaði bendir í þessu sambandi á, að hann sem rafvirki þurfi stundum að klifra í stigum og þess háttar, og segir, að þá bagi fóturinn sig verulega.

Við skoðun þá, er undirritaður gerði á slasaða í jan.mán. s.l., fundust nákvæmlega sömu hreyfingarhindranir á vinstri þumalfingri og hægri hné, eins og lýst er hér að framan.

*Ályktun:* Hér er um að ræða rösklega þritugan rafvirkja og hljóðfæraleikara, er varð fyrir slysi, er bifreið, er hann var farþegi í, ók út af Keflavíkurvegi þann 19/11 '71, eða fyrir rúmum 6 árum. Samkv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja, hlaut slasaði við slys þetta vægan heilahristing, sem sennilega hefur leitt til tímabundins meðvitundarleysis, en lítillar eða engrar amnesi. Í öðru lagi hlaut slasaði brot á hægri lærlegg og kurlað brot á hægari hnéskei. Í þriðja lagi hlaut hann brot á 1. metacarpalbeini á vinstri hendi (Bennets fracturu) og í fjórða lagi lítið brot á vinstri hnéskei. Auk þess hlaut slasaði minniháttar áverka og skurði viðsvegar um líkamann.

Ljóst er, að varanlegar afleiðingar eru af broti á hægri ganglim og vinstri þumli og nokkrar líkur á, að höfuðáverki sá, er slasaði hlaut, hafi leitt til einhverra skemmda. Þumalmeiðslið er þess eðlis, að verulegar líkur eru á, að starfsgeta vinstri handar, sem þegar er nokkuð skert, muni frekar minnka í framtíðinni, þ. e. a. s. að liðurinn milli miðhandarbeins og 1. þumalfingursbeins kunni að verða fyrir ótímabærum slitbreytingum, er jafnvel gæti leitt til þess, að gera þyrfti aðgerð á fingrinum, og mundi starfsgeta handarinnar þá ennþá minnka. Brotið á hægri hné leiddi til þess, að taka varð hnéskeilina burtu, og er ljóst, að áverki sem slíkur hlýtur að hafa valdið einhverjum skaða á sjálfum hnéliðnum, enda leiðir skoðun í ljós, að hreyfingarhindrun er nokkur. Auk þess er til staðar mælanleg stytting á ganglimnum og nokkur rýrnun á vöðvum.

Samkv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja, virðist sem slasaði hafi verið frá vinnu í fulla 15 mánuði eftir slysið, og þar að auki virðist hann samkv. eigin upplýsingum hafa verið meira og minna undir læknishendi og í æfingarmeðferð allt að 2½ ári eftir slysið, en því til viðbótar er tími sá, er slasaði þurfti að dveljast á spítala vegna nýrnasjúkdóms, en eins og að framan er greint, verður ekki fullyrt, að sá sjúkdómur sé á neinn hátt í sambandi við slysið.

Samkv. framansögðu verður að líta svo á, að öllum aðgerðum og lækningatíraunum vegna kvilla þeirra, er af umræddu slysi hlutust, sé lokið og sé því tímabært að meta örorku þá, er af slysinu hlaut, og telst hún hæfilega metin:

100% í 15 mánuði  
síðan 40% næstu 15 mánuði  
síðan varanleg 25%.“

Guðjón Hansen reiknaði út örorkutjón stefnanda, og er útreikningur hans dagsettur 18. maí 1979, svohljóðandi:

„Örorkutjón Louis H. Higgins.

Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 7. mars 1977, varð Louis H. Higgins, 20 Clover Street, Hampton, Virginia, U.S.A., fyrir bifreiðaslysi hér á landi þann 19. nóvember 1971. Telur læknirinn, að af slysi þessu hafi Louis Higgins hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 15 mánuði	100%
Í 15 mánuði	40%
Siðan til frambúðar	25%

Louis Higgins er sagður fæddur 19. september 1945 og hefur samkvæmt því verið 26 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Hingað til lands kom hann sem hljóðfæraleikari í hljómsveit, sem ráðin var til að skemmta varnarliðsmönnum. Hann kveður hljóðfæraleikinn þó jafnan hafa verið aukastarf, þar sem aðalstarf hans hafi verið rafvirkjun. Um mitt ár 1971 kveðst hann hafa öðlazzt sveinsréttindi sem rafvirki, en áður hafði hann verið aðstoðarmaður rafvirkja. Sveinsbréf hans þarf að endurnýja um hver áramót, en vegna slyssins féll það úr gildi í árslok 1971, og slasaði hóf ekki störf á ný sem sveinn í iðngrein sinni fyrr en í desember 1975.

Samkvæmt vottorði Commonwealth of Virginia, Department of Taxation, frá 15. desember 1975 voru vergar tekjur (Adjusted gross income) Louis Higgins árin 1969 og 1970 sem hér segir:

Árið 1969	\$6.478.48
Árið 1970	\$6.747.00

Ekki kemur fram, að hve miklu leyti hér er um vinnutekjur að ræða né fyrir hvaða störf þær eru.

Í bréfi yðar frá 30. apríl 1979 hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir örorkutjónsútreikningi í máli þessu miðuðum við bæði aðalstarf og aukastarf eftir gögnum, sem vikið verður að hér á eftir, svo og tjónsútreikningi miðuðum við íslenzkan rafvirkja, er hefði hljóðfæraleik að auka-  
starfi. Með hliðsjón af þessu hef ég gert tjónsútreikning á þrjá vegu.

A. Miðað við starf rafvirkja í Bandaríkjunum:

Í yfirlýsingu International Brotherhood of Electrical Workers Local Union 1340, dags. 4. desember 1975, er tilgreint tímakaup rafvirkja frá 1968 til 1975. Kaup rafvirkja virðist þó geta verið mun lægra, sbr. bréf Peninsula Electric Co., Inc. frá 13. apríl 1978. Kemur þar fram, að Higgins

starfaði hjá fyrirtækinu frá maímánuði 1971 fyrir \$3.35 og hafði þá öðlast sveinsréttindi, en kauptaxti félagsins var á sama tíma \$6.31 á klst.

Frá ársbyrjun 1968 til ársbyrjunar 1975 hefur kauptaxti áðurnefnds verkályðsfélags hækkað um 7.5% á ári að meðaltali. Hef ég gert ráð fyrir sömu árlegri hækkun frá ársbyrjun 1975 til ársbyrjunar 1979. Virðist sú áætlun m. a. vera í allgóðu samræmi við upplýsingar slasaða í skýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14. janúar 1977, þar sem hann telur sig mundu hljóta í laun 8½ til 10 dollara á klst., ef hann gæti unnið störf samkvæmt menntun sinni og reynslu (samkv. áætlun minni er tímakaup 1977 \$9.42).

Í Bandaríkjunum mun yfirlétt vera um að ræða 35-40 stunda vinnuviku, en í ofangreindri bæjarþingsskýrslu kemur fram, að gert er ráð fyrir 40 stunda viku. Hef ég reiknað ársstarf sem 40 stundir á viku í 48 vikur, þ. e. 1.920 stundir. Miðað við áðurnefndan taxa (áætlaðan frá og með árinu 1976) reiknast mér árlegar vinnutekjur þá verða sem hér segir:

Árið 1971, frá slysdegi .....	\$12.883
Árið 1972 .....	\$13.392
Árið 1973 .....	\$14.438
Árið 1974 .....	\$14.914
Árið 1975 .....	\$16.224
Árið 1976 .....	\$16.819
Árið 1977 .....	\$18.086
Árið 1978 .....	\$19.450
Eftir þann tíma .....	\$20.909

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði .....	\$22.407
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma .....	\$31.047
Samtals	\$53.454

Í yfirlýsingu George Britt, hljómsveitarstjóra „George & the Diminished Fifth,” dags. 14. apríl 1977, segir, að Higgins hafi starfað með hljómsveitinni síðari hluta árs 1971 og hafi laun hans numið um \$1.400.00 eða um \$100.00 á viku. Enn fremur segir þar, að vikukaup Higgins mundi vera u. þ. b. \$200.00 - \$250.00 um það leyti, sem yfirlýsingin er skrifuð, ef hann væri þá starfandi með hljómsveitinni.

Erfitt er að meta, hve mikla tekjuaukningu aukastarf af því tagi, sem hér um ræðir, hefur í för með sér. Í gögnum málsins kemur fram, að það hefur krafist nokkurra ferðalaga, og verður því að gera ráð fyrir einhverri

rýrnun tekna af aðalstarfinu af þeim sökum. Ef reiknað væri með \$200.00 á viku í 40 vikur á ári, miðað við kauplag á árinu 1977, næmu aukatekjur um 44% af framangreindum vinnutekjum rafvirkja á því ári. Tel ég eðlilegt, að nettóaukning tekna og þar með viðbótarverðmæti tapaðra vinnutekna sé áætlað sem tiltekinn hundradshluti af framangreindum fjárhæðum, t.d. 20% eða 30%.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951 - 1960. Reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, eftir það með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og síðan til frambúðar með 13% ársvöxtum.

B. Miðað við starf rafvirkja í Bandaríkjunum, en breyttur vaxtagrundvöllur:

Í bréfi Philip E. Landrum frá 24. janúar 1977 kemur fram, að dómvextir í Virginíu séu 6% p. a., en þó séu reiknaðir 8% vextir frá uppkvaðningu dóms. Vegna óskar yðar um útreikning, þar sem reiknað sé með vöxtum, er eðlilegir geti talist miðað við aðstæður í Bandaríkjunum, hef ég reiknað, hver áhrif það hefði á niðurstöðu í A-lið hér að framan, ef reiknað væri með 6% ársvöxtum, en að öðru leyti miðað við allar sömu forsendur og gert er í A-lið. Með því móti reiknast mér verðmæti tapaðra tekna, miðað við áður nefndan tekjugrundvöll rafvirkja í Bandaríkjunum, nema á slysdegi:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði .....	\$22.614
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma .....	\$61.714
Samtals	\$84.328

Fram hafa verið lögð gögn, er sýna, að í Virginíu er reiknað með nokkru lægri lífslíkum en hér á landi. Sá munur skiptir þó sáralitlu máli í samamburði við mismun á vöxtum og önnur atriði, sem óvissa er um í máli þessu.

Um tap aukatekna skirskotast til þess, sem í A-lið er sagt um það efni.

C. Miðað við vinnutekjur íslensks iðnaðarmanns:

Þegar leggja þarf vinnutekjur iðnaðarmanna til grundvallar tjónsútreikningi hér á landi og ekki verður stuðzt við tekjur tjónþola árin fyrir tjónsburð, er ég vanur að styðjast við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík undanfarin ár. Ef miðað er við reynslu hvers árs um sig 1971 - 1977, en frá og með árinu 1978 miðað við reynslu 10 ára tímabilsins 1968 í 1977 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga, reiknast mér árlegar vinnutekjur iðnaðarmanna verða sem hér segir:

Árið 1971 .....	kr. 475.143
Árið 1972 .....	kr. 560.920
Árið 1973 .....	kr. 714.103
Árið 1974 .....	kr. 1.108.369
Árið 1975 .....	kr. 1.425.642
Árið 1976 .....	kr. 1.832.053
Árið 1977 .....	kr. 2.634.747
Árið 1978 .....	kr. 3.547.061
Árið 1979 .....	kr. 4.471.868
Eftir þann tíma .....	kr. 4.520.497

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði .....	kr. 1.040.838.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma .....	kr. 5.523.586.-
Samtals	kr. 6.564.424.-

Ef gert er ráð fyrir tapi lífeyrissréttinda í hlutfalli við tekjutapið og réttindin reiknuð þannig til fjár, að þau teljist jafngilda framlagi vinnuveitanda (6% af gjaldskyldum tekjum) til lífeyrissjóðs, hækkar ofangreint verðmæti um kr. 236.319.-. Er þá gert ráð fyrir, að 60% af heildarvinnutekjum séu gjaldskyldar tekjur til lífeyrissjóðs.

Um aukastarf íslensks iðnaðarmanns við hljóðfæraleik og auknar tekjur af þeim sökum á það sennilega einnig við hér, sem nefnt er í A-lið, að um verulegt aukastarf verður vart að ræða án þess, að það komi að einhverju leyti niður á aðalstarfinu. Tel ég, að áætla yrði tekjutap vegna aukastarfs sem tiltekinn hundradshluta af tekjutapi vegna aðalstarfs.

Reiknað er með sömu starfsorkulikum og vöxtum og í A-lið hér að fram- an.”

Af hálfu stefndu hefur eftirfarandi bréf varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 27. janúar 1976, verið lagt fram:

„Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 30. desember 1975, hefur Skaðabótanefnd skv. lögum nr. 110/1951 borist til umsagnar mál það, sem Louis H. Higgins, bandarískur ríkisborgari, hefur höfðað á hendur ríkissjóði vegna umferðarslyss, sem hann varð fyrir hinn 19. nóvember 1971.

Um mál þetta er það að segja, að krafa út af þessu slysi virðist aldrei hafa verið send til nefndarinnar, og því hefur aldrei verið kveðinn upp neinn úrskurður af hennar hálfu.

Mr. Higgins kom hingað til lands samkvæmt samningi við varnarliðið

(Navy Exchange) til að skemmta varnarliðsmönnum með hljómlist, og var það eini tilgangurinn með för hans hingað. Hann fellur því skýlaust undir hugtakið „lið Bandaríkjanna,” eins og það er skilgreint í 1. grein sammingsins frá 8. maí 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Hann nýtur því úrlendisréttar hér á landi.

Skaðabótanefnd lítur svo á, að Ísland hafi ekki skuldbundið sig með varnarsamningnum til að bæta það tjón, sem lið Bandaríkjanna veldur Bandaríkjunum eða liðsmönnum þeirra hér á landi.

Til álita gæti komið, hvort Mr. Higgins félli undir hugtakið „líf og limir manna á Íslandi” í upphafi 2. t. l. 12. gr. framangreinds sammings, og það mundi hann gera undir venjulegum kringumstæðum. En þar sem hann, eins og áður segir, telst til „liðs Bandaríkjanna” nær þetta ákvæði ekki til hans.

Samkvæmt framansögðu er því umsögn Skaðabótanefndar á þá leið, að ekki sé grundvöllur fyrir skaðabótum byggðum á lögum nr. 110/1951.

F.h. Skaðabótanefndar

Páll Ásg. Tryggvason.”

#### *Málsástæður og lagarök.*

##### *Stefnandi.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slys það, sem um ræðir í máli þessu, hafi orðið vegna þess, að ökumaður bifreiðarinnar VL 5066, eign „Navy Exchange,” John J. Scannel, hafi sýnt af sér gáleysi. Gáleysið hafi verið í því fölgid, að hann hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður, enda yfir lögmæltum hámarkshraða. Þá hafi bifreiðin verið vanbúin til akstursins, þar sem hún hafi hvorki verið á snjóhjólbörðum né snjókeðjum. Ökumaður bifreiðarinnar beri einn óskoraða ábyrgð á því, að slysið hafi orðið. Því sé skylt að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir, samkvæmt 67. gr., sbr., 69. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi hafi við slysið orðið fyrir miklu líkamstjóni, sem sé lýst í niðurlagi örorkumats Ólafs Jónssonar lækni, en örorkumatið er rakið hér að framan. Rétt sé að miða við tekjur og efnahag í heimalandi stefnanda, þegar tjón hans sé metið. Óeðlilegt sé að miða bætur fyrir örorkutjón stefnanda við tekjur íslenskra iðnadmanna, heldur eigi að miða þær við tekjur í starfsstétt stefnanda í Bandaríkjunum. Vexti af bótafé eigi að miða við vaxtafót í heimaríki hans, Virginíu, en það séu þeir vextir, sem stefnandi eigi kost á að fá af bótafé sínu. Stefnandi hafi verið launþegi, en ekki atvinnurekandi, og því hafi tekjur hans verið hreinar launatekjur. Stefnandi hafi haft tekjur af aukastarfi sínu sem hljóðfæraleikari. Miðað sé við, að vinnuvikan sé 40 klukkustundir, og því hafi aukastarf stefnanda sem hljóðfæraleikara ekki gert það að verkum, að hann hafi haft minni tekjur af aðalstarfi sínu vegna aukastarfsins. Því sé rétt að miða við, að tekjur stefn-

anda af aukastarfinu hafi numið 44% af tekjum í aðalstarfi, enda hafi því verið svo farið með stefnanda. Hins vegar megi gera ráð fyrir, að tjón stefnanda hafi verið mun meira en gert sé ráð fyrir í örorkutjónsútreikningnum, eins og fram komi í kröfugerð stefnanda.

Fyrir utan örorkutjónið hafi stefnandi orðið fyrir eignatjóni í slysinu, sem nemi \$500.00. Hann hafi og orðið að greiða læknskostnað, sem nemi \$3.585.47.

Þá hafi stefnandi orðið fyrir miska og séu bætu fyrir hann ekki ofmetnar \$6.000.00.

Íslenska ríkinu sé skylt að bæta stefnanda tjón hans, og byggist skaðabótaskylda þess á ákvæðum 2. tl. 12. gr. fylgiskjals laga nr. 110/1951, þ. e. viðbættis við varnarsamning á milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Í frammanfendri grein sé kveðið á um, að íslenska ríkinu sé skylt að bæta það tjón, sem liðsmenn varnarliðsins valdi á eignum manna eða stofnana á Íslandi, og tjón, sem þeir vinni á lífi eða limum manna hér. Enginn vafi leiki á því, að ökumaðurinn, John J. Scannel, hafi verið í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. viðbættisins. Ljóst sé, að stefnandi falli ekki undir skilgreiningu 1. gr. viðbættisins á því að vera liðsmaður í liði Bandaríkjanna hér á landi. Hann hafi einungis verið ráðinn til þess að skemmta varnarliðsmönnum. Hefði t. d. einhver Norðurlandabúi verið ráðinn til sama starfs, mundi hann ekki í neinu tilviki hafa verið talinn liðsmaður í liði Bandaríkjanna. Slikt hið sama gildi um stefnanda.

Til þess að skaðabótaskylda íslenska ríkisins verði virk, sé nægilegt, að tjónþoli sé staddur hér á landi. Hann þurfi ekki að vera íslenskur ríkisborgari, en hefði átt að takmarka skaðabótaskylduna við þá eingöngu, hefði orðið að taka það fram í viðbættinum. Allan vafa um skilning á ákvæðinu verði að skýra ríkisstjórnnum Íslands og Bandaríkjanna í óhag, en ekki tjóþola.

Þótt lítið yrði svo á, að stefnandi hefði verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna, þá sé hann samt sem áður ekki undanskilinn bótavernd 2. tl. 12. gr. viðbættisins. Undantekningar frá skaðabótaskyldunni séu taldar upp í 1. tl. sömu greinar. Þar sé ekki að finna ákvæði, sem undanskilji liðsmenn í liði Bandaríkjanna bótavernd íslenska ríkisins.

#### *Stefndu.*

Af hálfu stefndu er á því byggt, að sýkna beri þá vegna aðildarskorts, þar sem lög nr. 110/1951 og fylgiskjöl þeirra laga hafi ekki að geyma grundvöll, sem stefnandi geti reist bótakröfur sínar á gagnvart stefndu.

Stefnandi hafi sem hljómlistarmaður unnið í þjónustu „Navy Exchange,” en það fyrirtæki sé hluti bandaríska sjóhersins og því varnarliðs-

ins, enda verði að líta á starfsemi varnarliðsins sem eina heild. Ökumaðurinn, John J. Scannel, hafi og unnið í þjónustu sama fyrirtækis. Það sé tvímælalaust, að stefnandi hafi verið í liði Bandaríkjamanna samkvæmt skilgreiningu, sem sé að finna í 1. gr. 2. fylgiskjals laga nr. 110/1951, þ. e. viðbættis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra.

Bótaábyrgð íslenska ríkisins samkvæmt 2. tl. 12. gr. viðbættisins verði að skýra þröngt, þar sem um sérreglu sé að ræða, en tilgangur ákvæðisins sé að tryggja sem best, að Íslendingar, sem verði fyrir tjóni af völdum Bandaríkjamanna, þurfi ekki að sækja rétt sinn til erlends valds, heldur geti þeir beint kröfum sínum að íslenska ríkinu. Frekari skuldbindingar en skýrlega komi fram í varnarsamningnum verði ekki lagðar á íslensk stjórnvöld og því óheimilt að beita rýmkandi lögskýringu við túlkun hans, eins og stefnandi geri. Í máli þessu sé um að ræða tjón, sem einn liðsmaður Bandaríkjamanna vinni öðrum liðsmanni, og víst sé, að ákvæði 12. gr. viðbættisins eigi ekki við í því tilviki. Þar sé um að ræða mál á milli bandarískra þegna og ekki hafi verið ætlunin með framangreindu ákvæði að færa bandarísk innanríkismál undir íslenska lögsögu.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður og lagarök stefndu, sé því út af fyrir sig ekki mótmælt, að tjón það, sem stefnandi varð fyrir, sé bótaskyldt samkvæmt 67. gr. laga nr. 40/1968. Skaðabótakröfu stefnanda beri hins vegar að lækka að mun, þar sem hún sé úr öllu hófi. Örorkumat það, sem lagt sé til grundvallar, sé ekki vefengt. Hins vegar skorti nokkuð á, að þau gögn, sem stuðst hafi verið við, þegar örorkutjónið var reiknað út, séu nógu skilmerkileg. Þannig komi ekki fram, hvort tekjur stefnanda á árunum 1969 og 1970 séu hreinar vinnutekjur eða ekki. Þá sé útreikningur miðaður við hæsta taxta verkalýsðfélags stefnanda, en telja verði þó rétt að miða við tekjur rafvirkja í Bandaríkjunum. Eðlilegt sé að miða við innlánsvexti, eins og gert sé í útreikningi A í örorkutjónsútreikningnum. Þá verði að telja aukatekjur stefnanda of hátt áætlaðar eða a. m. k. verði að miða við, að öflun aukateknanna hafi það í för með sér, að tekjur af aðalstarfinu verði minni. Þá eigi að lækka bótageiðslu vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi.

Miskabótakrafa stefnanda sé alltof há og í engu samræmi við dómvenju. Kröfur stefnanda um bætur vegna fataskemmda og sjúkrakostnaðar séu örökstuddar.

Verði stefndu dæmdir til að greiða skaðabætu, eigi að tiltaka þær í íslenskum krónum.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Ágreiningslaust er í máli þessu, að samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, eins og hún hefur verið skýrð, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga,

er tjón það, sem stefnandi varð fyrir, skaðabótaskyld, enda var hann í lög-  
mætum erindagerðum í þágu og með leyfi vinnuveitanda síns, þá er slysið  
varð. Þá er ágreiningslaust á milli aðilja málsins, að slysið hafi stafað af  
gáleysi ökumannsins, John J. Scannel, enda verður að telja, að svo hafi  
verið, og því er einnig um að ræða skaðabótaskyldu samkvæmt 3. mgr.  
69. gr. laga nr. 40/1968.

Ljóst er, enda ágreiningslaust í málinu, að John J. Scannel hefur verið  
liðsmaður í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. viðbætið við lög nr. 110/  
1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hér eftir nefnt  
fylgiskjal 2. Því er fyrir hendi það skilyrði hinnar sérstöku skaðabótaskyldu  
íslenska ríkisins samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2, að hinn skaðabóta-  
skyldi verknaður sé framinn af manni í liði Bandaríkjanna. Ekki er um  
að ræða, að krafa stefnanda sé byggð á samningi.

Þá ber að skoða sérstaklega, hvort stefnandi hefur, á meðan dvöl hans  
hér á landi stóð, verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr.  
fylgiskjals 2, en hún er svohljóðandi:

„Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna“ yfir liðsmenn í herliði  
Bandaríkjanna og starfslíð, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda  
hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist  
þar vegna framkvæmda á samningi þessum.“

Þessa skilgreiningu verður að telja svo rúma, að hún nái til, auk þeirra,  
sem beinni hermennsku gegna, allra þeirra, sem vinna einhvers konar störf  
í þágu herliðsins, að undanteknum þeim, sem hafa ríkisfang og/eða fasta  
búsetu á Íslandi. Skiptir þá eigi máli, hvaða ríkisfang annað þeir hafa en  
íslenskt. Þess ber þó að geta, að íslenska ríkið hefur verið talið bera ábyrgð  
samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2 á skaðabótaskyldum verkum íslenskra  
starfsmanna, sem unnið hafa í þágu fyrirtækja, sem aftur hafa annast verk  
fyrir herliðið, en skaðabótaskyldan þá leidd af starfssambandi fyrirtækisins  
og herliðsins. Stefnandi er bandarískur ríkisborgari. Upplýst er, að hann  
var ráðinn til starfa á Keflavíkurflugvelli af „Navy Exchange“, sem verður  
að telja hluta af herliðinu, til þess að skemmta varnarliðsmönnum, og starf  
hans var eingöngu unnið í þágu herliðsins. Samkvæmt þessu verður talið,  
að stefnandi hafa á þeim tíma, sem hann dvaldist á Íslandi, verið liðsmaður  
í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. fylgiskjals 2.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eigi skipti máli, þótt stefnandi  
sé talinn liðsmaður í liði Bandaríkjanna hér á landi. Hann njóti engu að  
síður bótaverndar samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2, því að einu undan-  
tekningarnar frá þeirri reglu séu taldar upp í 1. tl. sömu greinar, en þar  
sé þess ekki getið, að liðsmenn Bandaríkjanna séu undanskildir bótavernd-  
inni.

Í 1. tl. 12. gr. a og b liðum er kveðið á um skaðabótaskyldu aðilja varnar-

samningsins, þegar um er að ræða annars vegar skaðaverk liðsmanna í liði Bandaríkjanna og hins vegar skaðaverk starfsmanna íslensku ríkisstjórninnar. Samkvæmt þ liðnum er ákveðið, að ríkisstjórn Íslands geri ekki kröfu til skaðabóta á hendur Bandaríkjununum fyrir tjón á eignum íslenska ríkisins á samningssvæðunum og ekki kröfu á hendur Bandaríkjunum, heldur bæta sjálf tjón á lífi og limum starfsmanna ríkisstjórnarinnar, sem verða kann á samningssvæðunum, þegar slíkur starfsmaður er þar vegna starfsskyldu sinnar og tjónið hefur orðið af völdum manna úr liði Bandaríkjanna. Sama máli gegnir um sams konar tjón utan samningssvæðanna, þegar unnið er að framkvæmd varnarsamningsins.

Af framangreindu ákvæði er ljóst, að með því er fyrst og fremst verið að kveða á um, hvernig fara skuli með tjón, sem starfsmenn aðilja varnarsamningsins vinna hverjir öðrum við framkvæmd hans. Telja verður heimilt að draga þá ályktun af þessu ákvæði, að íslenska ríkisstjórnin telji sér óviðkomandi það tjón, sem einn liðsmaður Bandaríkjanna vinnur öðrum við framkvæmd varnarsamningsins, og Bandaríkin telji sér þá sömuleiðis óviðkomandi það tjón, sem einn starfsmaður íslensku ríkisstjórnarinnar vinnur öðrum við sömu framkvæmd.

Eins og að framan er aðeins dregið á, verður að telja, að þeir stefnandi og John J. Scannel hafi verið að vinna í þágu varnarliðsins og þá að framkvæmd varnarsamningsins, þótt í litlu hafi verið, þegar þeir lögðu leið sína til Reykjavíkur.

Í þeim ákvæðum 1. tl., sem að framan eru rakin, er einungis getið um íslenska ríkið og Bandaríkin, en máltilbúnaður stefnanda er á því byggður, að hann sem einstaklingur eigi sjálfstæðan rétt á hendur íslenska ríkinu á grundvelli 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2. Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og eðli og tilgangi þeirra ákvæða, sem fylgiskjal 2 hefur að geyma að öðru leyti, verður að telja, að tilgangur þeirrar skaðabótaskyldu íslenska ríkisins, sem á það er lögð í 2. tl. 12. gr., sé ekki sá að tryggja liðsmönnum bandaríska herliðsins, að þeir geti krafið íslenska ríkið um bætur fyrir það tjón, sem aðrir liðsmenn Bandaríkjanna vinna þeim.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Uppsaga dóms í máli þessu hefur dregist nokkuð vegna sérstakra anna dómarans.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Louis H. Higgins, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.